

100 laust, að ákvæði reglugjörðarinnar um að skip, sem leita hafnar sökum sjó-
 24. júlí. skemmda, skuli undanþegin hafnargjaldi, geti ekki veitt skipum þessum undan-
 þágu frá hinu almenna boði í reglugjörðarinnar I. kafla 1, að af þeim beri að
 greiða gjaldið, þegar þau í fyrsta skipti eptir komu frá útlöndum eða í
 fyrsta skipti á árinu leita inn á höfnina, án þess nefnt skilyrði sje fyrir hendi,
 þá verð jeg að vera amtmanninum samdóma um, að fullt gjald hafi átt að
 greiða af skipinu »Deux frères» þegar það kom í júnímán. 1891. Gjaldið, 3,75
 kr. er því rjettilega talið til ábyrgðar, og sje jeg ekki ástæðu til að breyta úr-
 skurðinum að neinu leyti, nje heimild til að samþykkja, að ábyrgð falli niður
 í þetta sinn.

101 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um
 31. júlí. bókun á aukatekjum, er sýslumönnum bera. — Út af þóknanlegu brjefi yðar,
 herra sýslumaður, dags. 4. þ. m. viðvíkjandi því, hvort ekki beri að halda sjer-
 staka bók yfir aukatekjur þær, ferðakostnað m. m., sem sýslumönnum ber
 samkvæmt lögum Nr. 2 frá 2. febr. þ. á., skal yður hjer með þjónustusamlega
 tjáð, að tjeðar tekjur má færa inn í dálk þann í aukatekjubókinni, sem í reglu-
 gjörð um innheimtu og reikningsskil á aukatekjum 25. maí 1878 er ætlaður
 fyrir gjöld þau, sem embættismönnum bera samkvæmt lögum 14. desbr. 1877
 2. gr. o. s. frv., og verður fyrirsögn dálksins þá: Gjöld samkvæmt lögum nr.
 2, 2. febr. 1894.

102 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suduramtinu og Vesturamtinu um
 11. sept. flutning á þingstað. (Ágrip). — Með brjefi þessu var leyft að flytja þingstað
 Flateyjarhrepps úr Svefneyjum til Flateyjar, með því skilyrði, að hreppsnefndin
 sjái um, að jafnan sje til sæmilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þing-
 stað.

103 Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju. (Ágrip). — Með brjefi
 11. sept. þessu var samkvæmt lögum nr. 3, 27. febr. 1880, 4. gr., sbr. lög nr. 5. s. d.
 12. gr., samþykkt, að Garðakirkja á Akranesi væri lögð niður og flutt niður á
 Skipaskaga, og endurreist þar á Bjargslóð á svæði því, er þar hefur verið
 gefið til kirkjubyggingarinnar.

104 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um
 12. sept. ráðstafanir til þess, að lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði 8. maí þ. á. geti gengið í
 gildi. — Samkvæmt 32. laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði 8. maí þ. á. er hjer
 með skipað fyrir svo sem nú skal greina:

1. Hreppsnefndinni í Innrahreppi (sbr. lhbr. 23. nóv. 1893, Stjórnart.
 1893 B bls. 210) ber að semja kjörskrá yfir alla þá kjósendur þess sveitar-